


Alþingi
Erindi nr. þ 126/1756
komudagur 3. 4. 2001



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Sigrún Birna Einarsdóttir
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

HGS/JG

Rvk. 3.04.2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eigendur virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, 522. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um eigendur virkra hluta í fjármálafyrirtækjum. Með frumvarpinu er stefnt að því að auka eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum svonefndra virkra eignarhluta í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og váttryggingafélaögum. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Þá skal samþykkis Fjármálaeftirlitsins aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur eignarhlut sinn yfir 20%, 33% eða 50%. Þeir sem hyggjast eignast svo stóra hluti sem að framan greinir skulu beina umsókn til Fjármálaeftirlitsins þar sem fram komi ítarlegar upplýsingar um markmið með fjárfestingunni og fjármögnun hennar, fjárhagsstöðu, viðskiptatengsl, þekkingu og atvinnusögu umsækjenda auk annarra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið fer fram á.

Fram kemur í greinargerð að gildandi löggjöf fullnægi þeim eftirlitskvöðum sem tilskipum ESB nr. 2000/112/EBE leggur á aðildarríki ESB og þar með önnur aðildarríki EES-samningsins. Frumvarpið felur hins vegar í sér stóraukið opinbert eftirlit með fjármálafyrirtækjum hér á landi umfram það sem almennt gerist meðal viðskiptaþjóða, þótt dæmi séu um sérreglur á þessu sviði meðal ýmissa þjóða.

Tilgangurinn með frumvarpinu er stóraukið eftirlit með fjármálastofnunum með tilheyrandi kostnaði og óhagræði fyrir viðkomandi. Samtök atvinnulífsins vilja í því sambandi minna á lög um opinberar eftirlitsreglur sem kveða á um að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að. Þetta frumvarp er ekki í anda þeirra laga.

Samkvæmt frumvarpinu er tilgangurinn með hertu eftirliti á þessu sviði að draga úr hættunni á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á rekstur þeirra. Hætta sé á því að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum beiti áhrifum sínum í því skyni að afla sjálfum sér ávinnings á kostnað fyrirtækjanna, annarra hluthafa eða eftir atvikum annarra viðskiptavina.



Hvorki eru færð rök fyrir þessum staðhæfingum né því að þörf sé fyrir sérreglur í þessari tegund atvinnustarfsemi umfram aðra.

Frumvarp þetta gengur gegn viðteknum hugmyndum um frjáls viðskipti og jafnræði. Það felur í sér að lagt er í vald embættismanna að ákveða hverjir séu æskilegir eigendur fjármálafyrirtækja og hverjir ekki. Slíkar reglur eru ekki í anda heilbrigðrar samkeppni og gætu stuðlað að óeðlilegri íhlutun í og truflun á eðlilegum viðskiptum á markaði. Reglur af framangreindum toga herða að fjármálamarkaðinum og gera hann óskilvirkari og þann kostnað munu viðskiptavinir fjármálastofnana greiða ásamt eigendum sem verða að sætta sig við lakari arðsemi en ella.

Vilji stjórnvöld stuðla að auknum fjárfestingum erlendra aðila í atvinnulífinu ber að gera starfsskilyrði í atvinnulífinu þannig úr garði að þau séu sem einföldust og líkust því sem gerist á alþjóðlegum markaði. Ríki sem búa atvinnulífi sínu þröngar og flóknar sérreglur hljóta að verða sniðgengin af erlendum fjárfestum.

Með hliðsjón af framansögðu leggjast Samtök atvinnulífsins gegn lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri.